

Tillaga til þingsályktunar

um auðlindir og auðlindagjöld.

Flm.: Bergþór Ólason, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa starfshóp sem:

- skili tillögum um hvort innheimta eigi afnotagjald fyrir nýtingu auðlinda og þá hvaða auðlinda,
- leggi fram tillögu um aðferð við álagningu auðlindagjalds sem gæti gengið fyrir allar auðlindir og geri grein fyrir kostum og göllum mismunandi aðferða,
- taki saman upplýsingar um hvernig gjaldtöku af auðlindanýtingu er háttað í nágrennaríkjum.

Starfshópurinn skili ráðherra tillögum eigi síðar en 1. janúar 2023.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt í sjöunda skipti. Hún var síðast lögð fram á 152. löggjafarþingi (400. mál) en náði ekki fram að ganga.

Í tillögu þessari er lagt til að fjármála- og efnahagsráðherra feli starfshópi að kanna hvort innheimta skuli afnotagjald fyrir nýtingu auðlinda og þá af hvaða auðlindum. Einnig er lagt til að starfshópurinn leggi fram tillögu um aðferð við álagningu auðlindagjalds og geri grein fyrir kostum og göllum mismunandi aðferða. Þá verði teknar saman upplýsingar um hvernig gjaldtöku sé háttað í nágrennaríkjunum, einkum á Norðurlöndunum.

Flutningsmenn telja rétt að fjármála- og efnahagsráðherra verði falið að skipa starfshópinna enda liggur ekki fyrir nú þegar um hvaða auðlindir er að ræða og þær geta fallið undir fleiri en eitt ráðuneyti og stofnanir. Jafnframt er málefnið umfangsmikið og brýnt auk þess sem það hefur verið til umræðu um árabil og er því eðlilegt að fjármála- og efnahagsráðherra stýri vinnunni.

Lengi hafa verið uppi væntingar um að auðlindir landsins skili þjóðinni fjárhagslegum arði með einum eða öðrum hætti. Í gegnum tíðina hafa fyrirtæki í eigu ríkisins greitt arð í ríkissjóð og nægir þar að nefna Landsvirkjun.

Auðlindir sem almennt er talað um sem auðlindir „þjóðarinnar“ geta verið af ýmsum toga, þ.e. auðlindir í sjó, í lofti eða á landi. Þekkt er að innheimt er veiðigjald í sjávarútvegi samkvæmt lögum um veiðigjald, nr. 145/2018, áður nr. 74/2012, og ríkir nokkur samstaða um álagningu þess þó að deilt sé um hversu hátt það eigi að vera. Flutningsmenn telja ekki eðlilegt að auðlindagjald sé aðeins lagt á eina atvinnugrein. Mikilvægt er því að mótuð verði heildstæðari stefna enda hefur nýting auðlinda áhrif á umhverfið og brýnt er að tryggð verði að auðlindir séu nýttar á skynsamlegan og arðbæran hátt. Flutningsmenn vilja jafnframt minna á að fram hafa komið hugmyndir um stofnun stöðugleikasjóðs að fyrirmynd norska olíusjóðsins þar sem arður af auðlindum í ríkiseigu mundi renna allur eða að hluta í slíkan sjóð.

Auðlindanefnd, sem kosin var á Alþingi í júní 1998, ritaði álitserð fyrir forsætisráðuneytið sem kom út árið 2000. Hluti af verkefnum hennar var að fjalla um gjaldtöku af auðlindum til að standa undir rannsóknum á þeim og stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu þeirra, svo og til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skilaði sér á réttmætan hátt til þeirra sem hafa hagsmuna að gæta. Í niðurstöðum nefndarinnar kom fram að hún teldi gjaldtöku af nýtingu náttúruauðlinda styðjast við eftirfarandi rök: Í fyrsta lagi að standa undir þeim kostnaði sem hið opinbera hefði af rannsóknum á og eftirliti með nýtingu auðlindanna, í öðru lagi að tryggja þjóðinni sýnilega hlutdeild í þeim umframardi (auðlindarentu) sem nýting auðlinda í þjóðareign skapaði og í þriðja lagi væri um að ræða svokallaða leiðréttandi skatta og uppbætur (svokallaða græna skatta) til að tryggja hagkvæma nýtingu auðlindanna. Þær auðlindir sem nefndin tilgreindi í álitserð sinni voru nytjastofnar á Íslandsmiðum og auðlindir á eða undir sjávarbotni, vatnsafl, jarðhiti og námur, rafsegulbylgjur til fjarskipta og önnur umhverfisgæði.